



358. Stjórnarfundur haldinn 23. september 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fulltrúi körfuknattleiksdeild Keflavíkur mætir.

EH bauð Margeir Einar Margeirsson fulltrúa körfunnar velkominn á fundinn og gaf Margeiri orðið. Margeir fór yfir stöðu mála hjá deildinni. Óskaði efir heimild til að gera breytingu á greiðsluskilmálum á láni sem er hjá Landsbankanum. *Aðalstjórn samþykkir að heimila körfuknattleiksdeild að skilmálabreyta meðfylgjandi skuldabréfi nr:0142-74-421281. Framkvæmdastjóra falið málið.*

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Bréf frá Valgerði Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra menningarráðs RNB v/ afgreiðslu á skýrslu 17. júnínefndar og Bréf frá ÍSÍ v/nýrra laga Alþingis um happadrætti.

4. Send bréf.

Engin.

5. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

EH skýrði frá stöðu mála við kaup á búnaði og hvenær hann yrði afhentur. Umræður um símakerfi fyrir félagsheimilið. PMK falið að tala við fagaðila og kanna hvað myndi henta okkar starfsemi. Umræður um hvenær skuli taka félagsheimilið formlega í notkun. Ákveðið að bíða með það þar til að húsgögn, símakerfi, tölvutenging og þeir hlutir sem þurfa að vera til staðar séu komnir.

6. Önnur mál.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa stuðningsmannakort af körfuknattleiksdeild Keflavíkur. Fulltrúar UMFÍ hafa boðað til fundar með aðalstjórnun ungmennafélaga á Reykjanesskaganum mánudaginn 4. október kl. 18:00 í félagsheimili Keflavíkur. Ákveðið að formaður, varaformaður og gjaldkeri óski eftir fundi með formanni, varaformanni og gjaldkera knattspyrnudeildar Kef. Ákveðið að láta starfsfólk íþróttahússins við Sunnubraut sem áhuga hafa á að fá K-hettupeysur endurgjaldlaust meðan að birgðir eru til.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Fundinn ritaði SG

